




# STARFSSKÝRSLA 2014



Júní 2015

# Efnisyfirlit

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða .....	3
Starfsmenn félagsins .....	4
Starfsstöð og starfssvæði .....	4
Samstarfsaðilar .....	4
Stjórn .....	5
Viðskiptaráðgjöf .....	6
Helstu verkefni ársins 2014.....	7

**Umsjón skýrslu:** Starfsfólk Atvest

**Ritstjórn:** Valgeir Ægir Ingólfsson

**Ljósmyndir:** Markaðsstofa Vestfjarða (Mínir Vestfirðir)

# Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Tilgangur félagsins er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum og styrkja forsendur byggðar með því að bæta jarðveg viðskipta til framtíðar. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða aðstoðar og leiðbeinir einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum í hugmyndavinnu, nýsköpun og atvinnuþróun og beinir hugmyndum þeirra og verkefnum í viðeigandi farveg innan þeirrar virðiskeðju sem félagið og hagsmunaaðilar þess starfa. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (Atvest).

- Tekur þátt í og er leiðandi við mótun atvinnustefnu á Vestfjörðum.
- Hefur frumkvæði í leit að sóknarfærum í atvinnulífinu.
- Stendur fyrir sérstökum rannsóknar- og þróunarverkefnum, sem stuðla að þróun atvinnutækifæra.
- Aðstoðar fyrirtæki, einstaklinga, sveitarfélög, félagasamtök og stofnanir við að kanna nýjungar í atvinnurekstri.
- Veitir fyrirtækjum og einstaklingum almenna viðskiptaráðgjöf svo sem ráðgjöf varðandi vöruþróun, fjármögnun, markaðssetningu og rekstur.
- Hefur frumkvæði að samvinnu við aðila í atvinnulífinu og eflir samstarf milli þeirra.
- Er tengiliður milli tækni- og þjónustustofnana atvinnulífsins og þeirra sem eru í atvinnurekstri eða starfa að atvinnumálum.
- Miðlar upplýsingum um tækni, rekstur og fjármögnunarmöguleika og aðstoðar við gerð umsókna og lána.
- Stendur fyrir uppbyggingu fagþekkingar og stjórnunarkunnáttu með námskeiðahaldi og annarri fræðslustarfsemi.

## Hugmyndir

- Viðskiptavinir, skjólstæðingar og hagsmunaaðilar.



## Verðmæti

- Lokaafurð flestra verkefna eru efnahagsleg verðmæti sem eru skilgreinanleg.

Vinnuferli Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Ofangreind mynd sýnir einfalda framsetningu á hvernig Atvest vinnur. Félagið vinnur með ótalmargar hugmyndir sem skjólstæðingar og hagsmunaaðilar félagsins koma fram með. Sú vinna sem félagið innir af hendi er að umbreyta þeim í verðmæti sem eru sýnileg út á við. Efnahagsleg verðmæti er nauðsynlegt að skilgreina í hverju verkefni fyrir sig, en slíkt getur verið fólgið í aukinni þekkingu, tekjum, störfum, sparnaði eða öðrum þeim verðmætum sem verkefnið getur skapað.

## Starfsmenn félagsins

Á árinu 2014 voru fimm og hálf heilsárs stöðugildi hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og sex starfsmenn sem sinntu þeim. Shiran Þórisson, framkvæmdarstjóri staðsettur á Ísafirði, Jón Páll Hreinsson, verkefnastjóri á Ísafirði, Margrét Birkisdóttir, sem sinnir bókhaldi og launavinnslu á Ísafirði. Magnús Ólafsson, verkefnastjóri á Patreksfirði, Valgeir Ægir Ingólfsson, verkefnastjóri á Patreksfirði og Viktoría Ólafsdóttir, verkefnastjóri á Hólmanvík. Auk þeirra var starfsfólk lausráðið til ýmissa verkefna, þau voru: Birna Jónasdóttir og Páll Ernisson.

## Starfsstöð og starfssvæði

Atvest er með þrjár starfsstöðvar á Vestfjörðum. Í Árnagötu 2-4 á Ísafirði, í Aðalstræti 53 á Patreksfirði og í Höfðagötu 3, Hólmanvík. Aðalskrifstofur þess eru á annarri hæð að Árnagötu 2-4 Ísafirði þar sem félagið er í samfélagi með fyrirtækjum og stofnunum. Opnunartími er almennur skrifstofutími en með undantekningum samkvæmt samkomulagi. Skrifstofan hefur lokað vegna sumarleyfa tvær vikur fyrir verslunarmannahelgi.



Höfuðstöðvar Atvest á Ísafirði

Starfssvæði Atvest spannar alla Vestfirði sem telur 7 sveitarfélög og vegalengdir geta verið umtalsverðar og vegakerfi víða slæmt. Þrátt fyrir daglega viðveru starfsmanna á skrifstofum er engu að síður mikilvægt fyrir starfsemi félagsins að starfsmenn þess ferðist reglulega um starfssvæðið og efla samskipti við fólk og fyrirtæki.

## Samstarfsaðilar

Fjórðungssamband Vestfirðinga er lykil samstarfsaðili

Atvest. Fjármögnun á starfsemi félagsins kemur að mestu leyti í gegnum Fjórðungssambandið sem gegnir stóru hlutverki í mikilvægum málum sem snúa að forsendum

byggðar á Vestfjörðum, svo sem atvinnumálum. Fjórðungssambandið er með samning við Byggðastofnun sem snýr að atvinnuþróunarstarfsemi á landsbyggðinni og grundvallast samningar og samstarf Atvest og Fjórðungssambandsins á samstarfi Byggðastofnunar og Fjórðungssambandsins.



# Stjórn

## **Stjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða 2014-2015:**

Anna Lóa Guðmundsdóttir, Ísafirði

Inga María Guðmundsdóttir, Ísafirði

Matthildur Helga- og Jónudóttir, Ísafirði

Indriði Indriðason, Tálknafirði

Andrea Kristín Jónsdóttir, Strandabyggð

Óðinn Gestsson, Suðureyri

Einar Kristinn Jónsson, Vesturbyggð

### **Varastjórn 2014-2015:**

Elías Jónatansson, Bolungarvík

Magnús Jónsson, Patreksfirði

Pétur G. Markan, Súðavík

Kristján Andri Guðjónsson, Ísafirði

Ásgerður Þorleifsdóttir, Ísafirði

Kristján G. Jóakimsson, Ísafirði

Guðrún Stella Gissurardóttir, Bolungarvík



# Viðskiptaráðgjöf

Unnar voru rekstraráætlanir og viðskiptaáætlanir bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem notaðar voru til að fá niðurstöður um rekstrarhæfi og til að ræða við fjármögnunaraðila og lánastofnanir.

Auk þess var veitt ráðgjöf við styrkumsóknir í margvíslega styrkjasjóði til dæmis Menningarráðs Vestfjarða, Kvinnasjóðs, AVS, Nýsköpunarmiðstöðvar, Rannís, Nýsköpunarsjóð Námsmanna, Nora, og Ferðamálastofu.

Aðstoð og ráðgjöf var jafnframt veitt varðandi markaðssetningu, vöruþróun, auglýsingagerð o.fl. til fjölda fyrirtækja og einstaklinga. Öll þessi verkefni flokkast hjá félaginu sem viðskiptaráðgjöf og náði sá málaflokkur félagsins yfir eftirfarandi verkefni:



Sýningar og minjavernd  
Styrkumsóknir  
Viðskiptaáætlanir vegna Hótel framkvæmda  
Vatnstöppun  
Laxeldi  
Bleikjueldi  
Uppbygging verslunar  
Kynning á lausum lóðum í sveitarfélögum  
Útgerð og lítil fiskvinnsla  
Ferðaskrifstofa  
Handverksframleiðsla  
Fatahönnunarfyrirtæki  
Rækjuútgerð  
Ævintýraferðaþjónustufyrirtæki  
Handverksframleiðsla  
Áburðarframleiðsla  
Veitingastaðir  
Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja  
Samskipti og samstarf gæðaáfangastaða í Evrópu  
Frumkvöðlaráðgjöf  
Umsókn í Framkvæmdarsjóð Ferðamálastofu  
Styrkumsóknir í Framkvæmdarsjóð ferðamannastaða  
Tilbúnir sjávarréttir  
Skelfiskræktun  
Fóðurframleiðsla  
Mjólkurvörur  
Fluguveiðihjól  
Fyrirtæki í almenningssamgöngum  
Þjónustufyrirtæki fyrir fiskeldi

Flutningaferlar í fiskvinnslu  
Fiskiolía  
Trésmiðja  
Gistingu í dreifbýli  
Sjóstangveiðifyrirtæki  
Heilsutengd ferðaþjónusta  
Farþegasiglingar  
Tölvuþróunar verkefni  
Kræklingavinnsla  
Klasasamstarf  
Rekstraráætlanir og umsóknargerð til NMI  
Kalkþörungavinnsla  
Lánaumsóknir til Byggðastofnunnar  
Umsóknir til Byggðastofnunnar  
Fiskimjólsvinnsla  
Lánaumsóknir til Nora  
Ræktun matjurta  
Fóðurframleiðsla fyrir sjókvíaeldi  
Rekjanleikalaun fyrir fiskvinnslu  
Viðburðastjórnun  
Bygging iðngarða S-Vestfjörðum  
Fasteignafélag  
Undirbúning skíðasvæðis  
Lambahorn  
Grasköggjar  
Fiskiroð  
Lífræn eldsneytisframleiðsla  
Vefþjónustufyrirtæki

Í gegnum viðskiptaráðgjafaverkefni var tekið þátt í fjármögnun og endurfjármögnunarverkefnum tæplegra 20 verkefna á árinu 2014 sem voru í heildina að umfangi í kringum 700 m.kr. Atvest veitti leiðbeinandi ráðgjöf til þessara verkefna og náðist töluverður árangur með þau verkefni sem unnið var með á árinu.

# Helstu verkefni ársins 2014

Auk ofangreindra verkefna er hér stuttlega gerð grein fyrir stærri verkefnum félagsins sem unnin eru sjálfstætt hjá félaginu eða eins og er oftast í samstarfi við fleiri aðila úr atvinnulífinu eða stoðkerfinu.

**Hvetjandi** er eignarhaldsfélag og fjárfestingafélag sem Atvest stýrir fyrir hluthafa. Markmið félagsins er að fjárfesta í fyrirtækjum á Vestfjörðum sem eru arðbær til lengri tíma og geta eftt atvinnulíf svæðisins. Á árinu 2014 var ráðist í stórar fjárfestingar á mælikvarða Hvetjanda í Þórsberg og Norðureyri. Aukinn var hlutur í Snerpu, Fossadal, Fisherman og keypt nýtt hlutafé í Inntré. Talsverður tími fer einnig í að styðja við og halda áfram í þróunarvinnu með fyrirtækjunum sem Hvetjandi á hlut í. Nánari upplýsingar má finna á [www.hvetjandi.is](http://www.hvetjandi.is)

**Frumkvöðlasetur** hefur verið starfrækt á Ísafirði síðan um mitt árið 2013. Á frumkvöðlasetrinu starfa þrjú frumkvöðlar að sínum verkefnum. Bundnar eru vonir við að þessi verkefni geti vaxið og dafnað og skapað verðmæti og störf á svæðinu til lengri tíma. Jafnframt hafa til skemmri tíma verið aðilar á setrinu sem hafa verið að vinna að umsóknum eða áætlunum þar hefur aðstaðan einnig nýst til þess að styðja við frumkvöðla og gert þeim kleift að vinna í umhverfi þar sem er aðgengi að sérfræðipækkingu starfsmanna Atvest. Fjármögnun fyrir verkefnið er til fyrstu mánaða ársins 2015.



**Vaxtarsamningur Vestfjarða** hefur verið í umsjón Atvest síðan 2005. Á þeim tíma hefur verið varið tæplega 150 milljónum króna í verkefni innan Vestfjarða sem hafa lagt grunninn að 80-100 störfum. Lögð hefur verið áhersla á að vinna með kjarnaatvinnugrein svæðisins í gegnum klasaaðferðafræði ásamt því að vinna með vaxtaratvinnugreinum svæðisins með sambærilegri aðferðafræði. Á árinu 2014 var úthlutað fjármunum til 28 verkefna að heildarupphæð um 25 m.kr.

**Rannsóknir og greiningar** á umfangi hagkerfisins og stöðu atvinnulífsins er stór hluti af starfsemi Atvest. Þessar greiningar eru mikilvægar í umræðu um atvinnu- og byggðamál Vestfjarða. Jafnframt hefur félagið unnið við sértækar greiningar á ferðaþjónustu og sjávarútvegi til þess að styðja enn betur við þær atvinnugreinar. Í samstarfi við Fjórðungssambands Vestfirðinga og Sóknaráætlun Vestfjarða var unnið að sérstökum greiningum og má finna niðurstöður þeirra á síðunni greiningar.atvest.is. Þá hefur verið unnið fyrir fiskeldisklasa Vestfjarða að greiningum á efnahagslegum áhrifum á uppbyggingu vegna sjókvíaldis á Vestfjörðum.

**Sértækur byggðakvóti** var veittur til byggðalaga sem sáu fram á erfiðleika vegna aðstæðna í sjávarútvegi. Atvest vann með fimm aðilum við að útfæra verkefni og umsóknir um sértækan byggðakvóta. Þessi vinna var unnin í náinni samvinnu við Byggðastofnun sem var með þessu verkefni að reyna nýja aðferðafræði varðandi úthlutun á Byggðakvóta. Fjögur þeirra fengu brautargengi sem skiluðu sér í 1.250 tonnum af byggðakvóta á Vestfjörðum sem dreifðust á byggðalögin Suðureyri, Flateyri, Drangnes og Tálknafjörð. Með þessu var tryggð starfsemi fyrirtækja og útgerða sem skapa 185-190 störf og eru um 15-17% af þeim störfum sem eru í sjávarútvegi á Vestfjörðum. Það sem er mikilvægast er að þessi niðurstaða og úthlutun treysti forsendur byggðar í þessum byggðalögum.

**Sjávarútvegsklasi Vestfjarða** hefur verið starfandi síðan 2005 og er fyrsti svæðisbundni atvinnugreinaklasinn sem tók formlega til starfa á Íslandi og er enn starfandi í þeirri mynd sem lagt var af stað með. Í honum starfa kjarnafyrirtækin í sjávarútvegi á svæðinu og hafa málefnið verið bæði af samfélagslegum toga og það sem beint snýr að þróun greinarinnar. Verkefni á árinu 2014 voru á sviði markaðsþróunar, gæðamála og hliðarafurða.



**Kalkþörungaverkefni á Norðanverðum-Vestfjörðum** hefur verið í vinnslu síðan 2009. Undirbúningsvinna var talsverð á árinu 2014 og ljóst er að mögulega munu tvö kalkþörungaverkefni verði starfrækt á norðanverðum Vestfjörðum í Súðavík og Bolungarvík. Áætla má að fjárfestingar verði um 1,5-2 milljarðar króna á næstu árum sem og atvinnusköpun upp á um 30-40 störf.

**Eldisklasi Vestfjarða** er samstarfsvettvangur eldisfyrirtækja á Vestfjörðum sem Atvest vinnur með. Verkefni Atvest er verkefnastjórn við myndun eldisklasa fyrirtækja á norðan – og sunnanverðum Vestfjörðum. Markmið verkefnisins er samstarfsvettvangur fyrirtækja sem eru eða hyggja á eldi á fiskum, hvort sem er á landi eða í sjókvíum. Að styðja við samvinnu að þeim hagsmunamálum og viðskiptatengdu verkefnum sem skapast, grunnvinna við ýmis konar greiningar og viðskiptaáætlanir ásamt því að skilgreina sameiginleg viðskiptatækifæri. Auk þess að tryggja tengingu við þær mennta og rannsóknarstofnanir héraðs sem koma að flestum þáttum fiskeldis, má þar nefna háskóla, ráðgjafafyrirtæki ýmiskonar auk rannsóknaraðila einka- sem og ríkisreknum.

**Stefnumótun fyrir atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar** er verkefni sem hefur verið í gangi síðan 2011 og snýst um að gera tillögur til Ísafjarðarbæjar um hvaða stefnu þau eigi að hafa varðandi uppbyggingu og vöxt atvinnulífsins. Unnið er í samstarfi við Ísafjarðarbæ um mótun atvinnumálastefnu.

**Vatnavinir Vestfjarða, verkefnisstjórn, klasasamstarf og umsóknagerð.** Markmið verkefnisins er að stuðla að nýsköpun á samstarfssvæðinu, auka verðmætasköpun, þróa heilsutengda þjónustu og auðvelda þátttöku hagsmunaaðila í framkvæmd slíkra verkefna. Þátttakendur þróa einstakt aðdráttarafl og hágæða áfangastaði í vetrarferðamennsku með því að virkja á umhverfisvænan hátt heitt vatn, jarðvarma og náttúru landsins til atvinnusköpunar og bættrar heilsu ferðamanna.

**Stefnumótun atvinnumála, verkefnisstjórn, stefnumótun atvinnumála á Ströndum og Reykhólahrepps.** Markmið verkefnisins er að íbúar í samvinnu við sveitarfélög marki sér stefnu í atvinnumálum og skapi samstöðu um framþróun með liðveislu Atvest. Markmiðið er að sveitarfélögin setji sér skýra skriflega atvinnumálastefnu um hvernig þau ætla að koma að einstökum verkefnum innan sveitarfélagsins.

**Ferðabjónustan Reykjanes, viðskiptaráðgjöf, umsóknagerð Ferðamálastofa.** Ferðabjónustan á Reykjanesi með leiðsögn Atvest vinnur að því að móta heildarmynd svæðisins, þar sem sérstaða þess er dregin fram og gerð aðlaðandi og áhugaverð fyrir ferðamanninn. Atvest hefur aðstoðað Ferðabjónustu Reykjanes við að afla fjármagns til ákveðinna verkþátta þar sem ráðist verður í faglega hönnun, skipulagningu og uppbyggingu á fjórum forgangsverkefnum árið 2013.

**Reykhólahreppur, verkefnisstjórn, umsóknagerð Ferðamálastofa um skipulag og hönnun áfangastaðar.** Í þessari umsókn hafa Reykhólahreppur og SjávarSmiðjan (Paraböðin á Reykhólum) tekið höndum saman um að leiða þróunarvinnu og móta sameiginlega framtíðarsýn, skipuleggja og hanna sjálfbærnan áfangastað sem stuðlar að jákvæðri upplifun ferðamanna. Markmið verkefnisins er að efla og draga fram sérkenni Reykhóla, leyfa ferðamanninum að upplifa náttúruperlur og menningu svæðisins á sama tíma og stutt er við nýsköpun og vöruþróun ferðabjóna og frumkvöðla, þar á meðal SjávarSmiðjunni.



**Varðveisluverðar húseignir í Vesturbyggð.** Atvest hefur unnið í samstarfi við heimamenn á sunnanverðum Vestfjörðum að varðveislu merkra húsa á Patreksfirði og Bíldudal. Vatneyrarbúð er eitt af elstu húsunum á Vatneyri á Patreksfirði og í uppbyggingu þess hefur verið varið varið líðlega 40 milljónum króna. Heildarkostnaður við uppbyggingu Skjaldborgarbíós er um 23 milljónir króna. Járnsmiðjan (Gamla smiðjan) á Bíldudal var reist fyrir næstsíðustu aldamót, líklega í kringum 1894. Endurbótum á smiðjunni á Bíldudal lauk síðla árs 2012 og verður hún formlega tekin í „notkun“ aftur á Bíldudals grænum sumarið 2013.



**Markaðsátak á hluta sunnanverðra Vestfjarða.** Markaðsátak hluta ferðapjóna á sunnanverðum Vestfjörðum. Verkefnastjórnun var í höndum Atvest, meðal verkþátta voru stjórnun funda, upplýsingagjöf til ferðapjóna og annarra hagsmunaaðila. Undirbúningur og hönnun upplýsingaskilta og bæklinga. Markmið að auka komu ferðamanna á svæðið og styrkja ímynd ferðamannastaða.

**Laxeldisuppbygging á Vestfjörðum** hefur verið mikil á síðastliðnum tveimur árum. Atvest hóf vinnu varðandi grunnrannsóknir og greiningar sem lögðu grunnin að þeirri uppbyggingu sem nú er orðin að veruleika. Áform um laxeldi á svæðinu eru í kringum 8-10 þúsund

tonn og má áætla að það skapist um 100 störf til viðbótar við þau 70 sem nú þegar eru komin í þessa eldisuppbyggingu á svæðinu. Til viðbótar við grunnrannsóknir þá hefur Atvest verið í ráðgjafahlutverki varðandi uppbyggingu á sameiginlegum þjónustufyrirtækjum fyrir eldið ásamt því að hafa tekið þátt í umræðum um leyfismál, leyfisveitingar og þróunarverkefni til lengri tíma.

**Rannsókn- og Nýsköpunarsjóður Vestur -Barðastrandasýslu.** Verkefnið hefur verið í tengslum við Atvest allt frá stofnun sjóðsins 2008 og til dagsins í dag. Hlutverk verkefnastjóra Atvest er almenn ráðgjöf, daglegur rekstur sjóðsins, seta og ritun stjórnarfundu, og umsjón með kynningarmálum sjóðsins.

**Vestfirðir hluti af heildinni.** Fundur með forsvarsmönnum opinberra stofnanna. Samstarfsverkefni Atvest og Fjórðungssambands Vestfirðinga haldin var kynningarfundur með forsvarsmönnum þar sem kynntir voru kostir þess að vera með opinbera þjónustu á Vestfjörðum. Niðurstöður verða síðan nýttar til að efla opinbera starfsemi á Vestfjörðum á komandi árum.

**Jurtasmiðjan Kálfanes.** Frumkvöðlastuðningur við smáframleiðslu úr íslenskum jurtum. Ráðgjöf við vörupróun og markaðssetningu á lífrænum og villtum hrávörum til heilsueflingar á innlendum markaði. Viðskiptaráðgjöf og aðstoð við breytingu á fyrirtækjaformi og styrkumsóknagerð.

**Skjaldbakan - Turtle Film Festival 2015.** Tengslamyndun og frumkvöðlastuðningur. Samstarfsverkefni við Háskólann í Dusseldorf til heiðurs á Risa Skjaldböku sem rak á land í Steingrímsfirði 1960. Mótun og uppsetning á kvikmyndahátíð og sýningu í samvinnu við heimamenn. Nýr viðburður og áhugaverður viðburður sem laðar að erlenda sýnendur. Nemendur frá Háskólanum í Dusseldorf gera stuttmyndir um mannlífið á Ströndum og sýna í ágúst 2015, sem og aðfengnar kvikmyndir erlendis frá. [www.turtle.is](http://www.turtle.is)

**Gullsteinn.** Frumkvöðlastuðningur vegna vörupróunar og sölu á þaratöflum frá Reykhólum. Viðskiptaráðgjöf og aðstoð við umsóknagerð vegna uppbyggingar á nýju húsnæði og framleiðslu á hráfæðis þaratöflum fyrir alþjóðamarkað. Utanumhald vegna veittra Nýsköpunarverðlauna Vestfjarða. Rekstrarráðgjöf og alþjóðleg markaðssetning, ráðgjöf í heimasíðugerð og nýtingu upplýsinga úr rannsóknum.

**Skipulag Íþróttastarfsemi á S-Vestfjörðum.** Unnið var skipulag á fyrirkomulagi íþróttaskóla fyrir yngri grunnskólanemendur á Vesturbyggð og Tálknafirði. Unnið var með sveitarfélögunum og héraðssambandi svæðisins að rekstrarfyrirkomulagi og gerð starfslýsingar fyrir nýjan framkvæmdarstjóra.

**Hagtölur í ferðaþjónustu.** Unnið var að greiningarvinnu vegna hugsanlegrar fjölgun ferðamanna, ásamt þróun markaðshlutdeildar Vestfjarða. Markmiðið er að auka faglega framtíðarspá, áætlanagerð, vörupróun, kynningarstarf til viðeigandi markhópa og fjárfestingu í ferðaþjónustu svæðisins. Kannaðar verða leiðir til að auka nýtingu á jaðartíma, auka samkeppnishæfni og bæta kynningarstarf til að efla heilsárs ferðaþjónustu.

**Samstarfssamningur við Ísafjarðarbæ.** Aðstoð við framkvæmd og skipulag ýmissa viðburða, svo sem Dýrafjarðadagar, Veturnætur, Sólarkaffi og Fossavatnsgangan. Verkefnisstjórn (Rokkstjórn) á Aldrei fór ég suður, ábyrgð á framkvæmd, skipulagi og uppgjöri hátíðarinnar.

**Vesturport.** Undirbúningur við tengslamyndun og samstarf við leikhópa. Markmiði verkefnisins eru tölur á nýrri sjónvarpsþáttaseríu á N-Vestfjörðum. Einnið setja upp sýningu á vegum atvinnuleikhús í Ísafjarðarbæjar og vekja almennan áhuga á Vestfjörðum sem vænlegum kosti til kvikmyndatöku og allskyns menningarstarfsemi.

**Markaðsstofa Vestfjarða.** Samstarfsverkefni við markaðssetningu Vestfjarða. Verkefnin voru m.a. skipulagning kynningaferða, móttaka og leiðsögn blaðamanna sem og aðstoð við uppsetningu nýrrar heimasíðu, textaskrif og framkvæmd stærsta markaðsátaks Vestfjarða til þessa. Einnig afleysing vegna sumarleyfis starfsmanns Markaðsstofu Vestfjarða.



**Búferlaflutningar.** Verkefnið var í samstarfi við allar sveitastjórnir á Vestfjörðum. Tekin voru viðtöl við rýnihópa á hverju svæði varðandi búferlaflutninga til og frá Vestfjörðum. Hvernig er móttöku nýrra íbúa háttað, hvað má betur fara og hvað er vel gert.

**Sólberg ehf.** Unnin var viðskiptaáætlun og lánsúmsókn til Bygðastofnunar vegna framkvæmda við tvö rækjuskip sem gerð verða út frá Ísafirði, ásamt fjárfestingum í nýjum aflaheimildum. Fjármögnun tókst og er vinna við standsetningu skipa og aflaheimilda enn í gangi. Gert er ráð fyrir að verkefnið skapi 10 ný störf.

**Víur ehf - fóðurfélag skordýra.** Verkefnið hlaut fyrstu verðlaun í nýsköpunarkeppni Vestfjarða sem haldin var haustið 2013. Hluti verðlauna voru ráðgjafatímar frá AtVest. Unnið hefur verið að viðskiptaþróun innan félagsins ásamt áframhaldandi vinnu við vörupróun og stefnumótun.

**Markaðsstefna Ísafjarðarbæjar.** Verkefnið var unnið í samstarfi við starfsfólk Ísafjarðarbæjar að gerð markaðsstefnu fyrir sveitarfélagið sem tekur á kynningarmálum, notkun merkis, samfélagsmiðla og gerð auglýsinga. Einnig markhópagreining og skipulagning skilaboða.

**InnTré ehf.** Unnin var viðskipta- og sjóðstreymisáætlun vegna stofnun og hlutafjárukningar í nýju fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar sem síðar hlaut nafnið InnTré ehf. á Ísafirði. Markmið um hlutafé tókst og fyrirtækið hóf störf og sköpuðust 5 störf.

**Tungusilungur ehf.** Aðstoð við að efla starfssemi fyrirtækisins m.a. með það fyrir augum að auka framleiðslugetu þess með byggingu nýrra eldiskvía á Keldeyri í Tálknafirði. Í framhaldi var unnin lánsúmsókn fyrir fyrirtækið til Byggðastofnunar.

**Fasteignapróunarfélag á sunnanverðum Vestfjörðum.**

Verkefnið snýr að byggingu iðngarða og íbúðarhúsa á sunnanverðum Vestfjörðum. Ýmist í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Félagið annaðist frumkönnun og þarfagreiningu, undirbúning útboðsgagna auk gerð viðskiptaáætlana.



**Undirbúningur skíðasvæðis á S-Vestfjörðum.** Verkefnið snýr að frumkönnun á uppsetningu skíðasvæðis á svæðinu. Kostnaðar- og rekstrargreiningar í samstarfi við bæjarstjórn Vesturbyggðar. Verkefnið mun skapa 1-2 ársverk.